



**Greinargerð með  
fjárhagsáætlun Seyðisfjarðarkaupstaðar,  
stofnana, fyrirtækja og sjóða hans  
fyrir árið 2017,  
þriggja ára áætlun fyrir árin 2018 - 2020  
og 10 ára áætlun  
Fyrri umræða 16. nóvember 2016.**



## Almennt

Eins og lög gera ráð fyrir er samhliða fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram þriggja ára áætlun fyrir árin 2018 til 2020. Undirbúningur og vinna við gerð fjárhagsáætlunar hófst síðastliðinn vetur með samþykkt og úthlutun fjárhagsramma sem er grunnur að þeirri tillögu að fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram. Fjárhagsáætlunin hefur verið unnin eftir tímasettri áætlun og römmum um fjárheimildir sem byggja á þriggja ára áætlun 2017 til 2019. Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 og þriggja ára áætlun 2018 til 2020 var samþykkt á fundi bæjarráðs miðvikudaginn 9. nóvember síðastliðinn til fyrri umræðu í bæjarstjórn. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal tillaga að fjárhagsáætlun vera samþykkt eftir síðari umræðu í sveitarstjórn fyrir 15. desember ár hvert.

## Viðmið fjárhagsáætlunar

**Helstu viðmið um afkomu og fjárhagsstöðu Seyðisfjarðarkaupstaðar eru:**

1. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærrí en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
2. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærrí en nemur 150% af reglulegum tekjum.
3. Framlegð rekstrar (niðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði) sé á bilinu 16–21%.
4. Veltufé frá rekstri sé ekki lægri fjárhæð en sem nemur afborgunum og vöxtum af langtímalánum.

**Samanburður á helstu viðmiðum um afkomu og fjárhagsstöðu Seyðisfjarðarkaupstaðar viðkomandi niðurstöðu fjárhagsáætlunar 2017.**

1. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærrí en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Samkvæmt fjárhagsáætlun er samanlagður rekstur árána 2015–2017 í A-hluta neikvæður sem nemur 36,4 milljónum króna en niðurstaða samstæðunnar jákvæð um 70,5 milljónir króna.

2. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærrí en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Samkvæmt áætluninni mun skuldaviðmið samstæðunnar í reikningsskilum um áramót 2016 verða 145,8 og í lok árs 2017 verður hlutfallið 129,9 var í árslok 2015 150,6 samanber framlögð yfirlit.

3. Framlegð rekstrar (niðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði) sé á bilinu 16–21%.

Samkvæmt niðurstöðu fjárhagsáætlunarinnar verður EBITDA framlegð samstæðunnar árið 2017 12,8% lækkar frá uppgjöri ársins 2015 úr 18,5%. Ástæða er til að horfa sérstaklega til þess við yfirferð milli umræðna bæjarstjórnar um fjárhagsáætlunina.

4. Veltufé frá rekstri sé ekki lægri fjárhæð en sem nemur afborgunum og vöxtum af langtímalánum.

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 verður veltufé frá rekstri samstæðunnar 126,6 milljónir króna. Afborganir langtímalána nema hins vegar um 96,2 milljónum króna.

## Tekjuforsendur

Reiknað er með að íbúafjöldi breytist lítið á árinu 2017. Íbúum fjölgaði lítillega frá árinu 2015. Gert er ráð fyrir að atvinnuástand verði sambærilegt og á árinu 2016 en atvinnustig hefur batnað frá árinu 2015 og næstu árum þar á undan, einkum vegna mun meiri löndunar afla og aukinna umsvifa í ferðaþjónustu. Tekið er tillit til áhrifa kjarasamninga á tekjur en óvissa er varðandi niðurstöður yfirstandandi kjaraviðræðan og áhrif þeirra. Tekið er mið af útreikningum frá Hag- og upplýsingasviði Sambands Íslenskra sveitarfélaga og áætlunum jöfnunarsjóðs varðandi framlög frá honum. Tekið er inn í útreikninga breytingar á fasteignagjaldstofni og miðað við að fasteignamat fyrir árið 2017 er 4%



hærra en fyrir árið 2016 og að lóðamat hækkar um 6,6% milli ára. Gert er ráð fyrir öðrum tekjum áætlunarinnar á forsendum samninga, þjónustugjalda og miðað við selt magn þjónustu.

## Útgjaldaforsendur

Tekið er mið af verðbólguþátt Hagstofu Íslands. Jafnframt eru hafðir til hliðsjónar útreikningar frá Hag- og upplýsingasviði Sambands Íslenskra sveitarfélaga, upplýsingar frá Seðlabanka Íslands og greiningardeildum banka. Tekið er mið af launahækkunum samkvæmt kjarasamningum og spá um þróun launavísitölu Miðað er við að yfirvinna verði takmörkuð eins og kostur er. Einnig er minnt hér á fyrrgreindan fyrirvara um stöðu kjarasamninga. Aðhalds verði áfram gætt í kaupum á vörum og þjónustu eins og verið hefur. Framlög og styrkir verði að mestu óbreytt miðað við yfirstandandi ár.

## Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2017

Fjárhagsáætlun Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2017, þriggja ára áætlun 2018 til 2020 og 10 ára áætlun, það er áætlun sem sýnir hvernig viðmiðum í 2. tl. 2. mgr. 64. gr. sveitastjórnarlaga verður náð eru hér lagðar fram fyrir fyrri umræðu. Í áætluninni er reiknað er með að rekstrarniðurstaða A-hluti bæjarsjóðs verði neikvæð um 8 milljónir króna eftir fjármagnsliði árið 2017. Gert ráð fyrir að niðurstaða A og B hluta eftir fjármagnsliði verði jákvæð um 14,8 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðunnar verði um 126,6 milljónir króna. Þarf af verði veltufé frá rekstri A-hluta 57,2 milljónir króna samanborið við 70,9 milljónir króna frá fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár eða lækkingu sem nemur 13,7 milljónum króna. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 verða þær breytingar á eignum samstæðunnar að þær lækka um um 26,5 milljónir króna. Um er að ræða áhrif af afskriftum og rekstri samstæðunnar. Eigið fé samstæðunnar fer samkvæmt áætluninni úr því að vera um 107,4 milljónir króna samkvæmt útkomuspá í að verða jákvætt á árinu 2017 sem nemur 122,2 milljónum króna. Langtímaskuldir lækka úr 713,1 milljónum króna í 661,2 milljónir króna eða um 51,9 milljónir króna. Heildarskuldir og skuldbindingar samkvæmt fjárhagsáætlun 2017 nema 1.148,8 milljónum króna. Þróun lífeyrisskuldbindinga er nokkuð óhagstæð og nemur hækkun hennar frá árinu 2015 til ársloka 2017 49,5 milljónum króna.

## 00 Skatttekjur

Í framlagðri tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að skatttekjur, með framlögum úr Jöfnunarsjóði, nemi 540,7 milljónum króna samanborið við 525,3 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2016. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að skatttekjur með tekjum úr jöfnunarsjóði hækki um 3,0%.

### Útsvar

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að útsvarsprósenta verði 14,52% sem er lögbundið hámark. Samkvæmt fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að útsvarstekjur ársins 2017 nemi 348,9 milljónum króna samanborið við 344,8 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2016. Tekjur af útsvari 2015 námu 305,7 milljónum króna.

### Jöfnunarsjóður

Samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verða tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2017 115,3 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2016 var reiknað með að framlög jöfnunarsjóðs næmu 101,1 milljónum króna. Það er hækkun sem nemur 14,2 milljónum króna. Tekjur úr jöfnunarsjóði árið 2015 námu 105,9 milljónum króna.

### Fasteignagjöld

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er reiknað með að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði (A) verði 0,625% af fasteignamati húss og lóðar. Fasteignaskattur á opinberar húseignir í eigu ríkisins (B) er 1,32% af fasteignamati húss og lóðar. Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði (C) er 1,65% af fasteignamati húss og lóðar. Gert er ráð fyrir að lóðarleiga verði 2%. Gert er ráð fyrir að holræsagjald verði 0,335% af stofni. Vatnsskattur vegna íbúðarhúsnæði (A) verði 0,315% og vatnsskattur vegna atvinnuhúsnæðis (B) verði 0,445%.



## Gjaldskrár

Eins og undanfarin ár hefur áhersla hefur verið lögð á af hálfu bæjarráðs og hafnarmálaráðs að lágmarka hækkanir á gjaldskrá og að heldur verði horft til aðhalds hvað útgjöld varðar. Í tillögum um gjaldskrárbreytingar er öllu jöfnu miðað við að gjöld hækki ekki umfram þróun verðlags. Tillögur um gjaldskrárbreytingar nú eru nokkuð mismunandi eftir gjaldskrá. Þær taka mið af útgjaldaaukningu og því að fyrri ákvarðanir hafa í einhverjum tilvikum verið full varfærnar. Afslættir til nema, öryrkja og eldir borgara verði með áþekku sniði og árið 2016.

## 02 Félagsþjónusta

Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna félagsþjónustu lækki nokkuð samanborið við heimildir í fjárhagsramma en að starfsemin verði í meginatriðum áþekk og á yfirstandandi ári. Helstu breytingar milli ára vegna félagsþjónustu eru eftirfarandi. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna félagsmálastofnunar hækki sem nemur 1,5 milljón króna sem er aukning vegna bakvakta félagsþjónustu. Reiknað er með að þörf fyrir fjárhagsaðstoð minnki nokkuð umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsramma eða úr 3,5 milljónir króna í 1,5 milljón króna. Gert er ráð fyrir lækkun útgjalda til barnaverndarmála sem nemur 1 milljón króna. Áætlað er fyrir tekjum af útsvari vegna málefna fatlaðra beint í málaflokkinn 6,3 milljónum króna sem var ekki gert árið 2016. Reiknað er með að heildarútgjöld málaflokksins 2017 að frádregnum tekjum nemi 28,3 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2016 var gert ráð fyrir 37,1 milljónum króna. Í málaflokkinn fóru árið 2015 26,5 milljónir króna. Málaflokkurinn er innan fjárhagsramma.

## 03 Heilbrigðismál

Það er nýmæli í tillögu að fjárhagsáætlun að áætlað sé í málaflokk heilbrigðismála. Tvennt kemur til. Annars vegar að í reglugerð um reikningsskil sveitarfélaga er miðað við að Heilbrigðiseftirlit sé fært í málaflokkinn í stað málaflokks nr. 08 eins og áður var. Hins vegar að verkefni tengt heilsueflandi samfélagi sem bæjarstjórn samþykkti nýlega innleiðingu á, verða hýst þar eðli málsins samkvæmd. Málaflokkurinn hafði ekki fjárhagsramma en breytingin er að mestu leyti vegna færslu fjárheimilda frá öðrum málaflokki.

## 04 Fræðslu og uppeldismál

Í tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að útgjöld til fræðslumála í heild nemi 223,4 milljónum króna samanborið við 206,5 milljónum króna í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Útgjöld vegna fræðslumála námu 207,4 milljónum króna árið 2015. Um að ræða útgjöld að frádregnum tekjum af innheimtum þjónustugjöldum og öðrum tekjum. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir innheimtu þjónustugjalda á vegum Seyðisfjarðarskóla nemi 18,2 milljónum króna samanborið við 17,5 milljónir króna í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 af skólunum þremur þá. Málaflokkurinn er í áætluninni með útkomu sem nemur 13,6 milljónum krónu umfram úthlutaðan fjárhagsramma sem ræðst af þróun launakostnaðar og starfsmannahaldi.

## 05 Menningarmál

Í áætluninni er reikna með að útgjöld til menningarmála nemi 39,6 milljónum króna. Árið 2016 var gert ráð fyrir í áætlun 37,7 milljónum króna. Rekstur málaflokksins árið 2015 nam 34,1 milljón króna að frádregnum tekjum sem námu 28,9 milljónum króna. Eins og áður er áætlað fyrir launum starfsmanna í sumarvinnu á deildir sem njóta starfskrafta þeirra. Á það við um Tækniminjasafnið og Kirkjubýggingar. Í tillögunni áætlað fyrir tekjum og útgjöldum vegna viðburða svo sem og LungA eða Bláu kirkjuna en miðað hefur verið við að reka þá á grundvella tekna sem tekst að afla til þeirra og beinum framlögum kaupstaðarins í fjárhagsáætlun. Einnig er áætlað fyrir List í ljósi á grundvelli rekstraráætlunar fyrir viðburðinn. Miðstöð menningarfræða er áfram færð undir málaflokknum þar sem framlög til hennar koma beint til kaupstaðarins, útgjöld greiðast síðan til umsjónaraðila í samræmi við ábyrgðaraðilasamning þar um sem er í endurskoðun sem stendur.



## 06 Æskulýðs- og íþróttamál

Gert er ráð fyrir að útgjöld til íþrótta og æskulýðsmála að frádregnum tekjum nemi 57,1 milljónum króna. Í áætlun ársins 2016 var gert ráð fyrir að útgjöld næmu 56,1 milljón króna. Útgjöld vegna málaflokksins árið 2015 námu tæpum 54 milljónum króna.

## 07 Brunamál og almannavarnir

Áætluð útgjöld vegna bruna- og almannavarna nema 12,3 milljónum króna. Það er svipuð upphæð og fyrir árið 2016. Útgjöld vegna rekstrar málaflokksins námu 7,2 milljónum króna árið 2015. Hækkun skýrist af endurnýjun búnaðar slökkviliðs og breytinga vegna kjarasamninga slökkviliðsmanna. Áætlun slökkviliðs á vörukaupaliðum byggist á fjárfestingaáætlun vegna brunavarnaráætlunar. Málaflokkurinn í heild er innan ramma fjárhagsáætlunar.

## 08 Hreinlætismál

Í fjárhagsáætlun er deildin heilbrigðiseftirlit flutt í málaflokk 03 eins og áður hefur komið fram við fyrri umræðu er málaflokkurinn að mestu með sömu uppstillingu og fyrir yfirstandandi ár. Málaflokkurinn er nokkuð umfram fjárhagsramma þar sem láðist að færi í áætlun síðasta árs kostnað við móttökustöð en uppsetning breyttist með nýju verklagi.

## 09 Skipulags og byggingamál

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að útgjöld vegna skipulags og byggingarmála nemi 18,4 milljónum króna. Fyrir árið 2016 voru áætlaðar 12,6 milljónir króna. Stærsta einstaka breytingin liggur í verkefninu Verndarsvæði í byggð og byggist á mótframlagi á móti styrk til þess frá Minjastofnun. Fyrir liggur að unnið er að breytingum á aðalskipulagi og þörf er á að halda áfram vinnu við deiliskipulagsgerð. Málaflokkurinn er að framansögðu nokkuð umfram ramma fjárhagsáætlunar.

## 10 Umferðar og samgöngumál

Gert er ráð fyrir að útgjöld til málaflokksins fyrir árið 2017 nemi 22,7 milljónir króna, samanborið við 20, milljónir króna fyrir árið 2016. Árið 2015 námu útgjöld 21,4 milljónum króna. Helsta breytingin er að gert er ráð fyrir aukningu útgjalda vegna viðhalds gatna með hliðsjón af ástandi þeirra. Málaflokkurinn er umfram ramma fjárhagsáætlunar.

## 11 Umhverfismál

Reiknað er með að útgjöld til umhverfismála verði 13,6 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2016 námu útgjöld til málaflokksins 14,8 milljónum króna Niðurstaða ársins 2015 var 17,8 milljón króna.

## 13 Atvinnumál

Samkvæmt fjárhagsáætlun verða útgjöld vegna málaflokksins árið 2017 19,8 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2016 var gert ráð fyrir 19,2 milljónum króna. Málaflokkurinn er innan ramma fjárhagsáætlunar.

## 21 Sameiginlegur kostnaður

Gert er ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður nemi 54,8 milljónum króna árið 2017. Fyrir árið 2016 var áætlað að sameiginlegur kostnaður næmi 45,5 milljónum króna. Niðurstaðan 2015 nam 55,8 milljónum króna. Málaflokkurinn er nokkuð umfram ramma fjárhagsáætlunar og eru helstu skýringar eftirfarandi: Útgjöld vegna sveitarstjórnar hækka sem nemur 3,8 milljónum króna vegna launaþróunar. Útgjöld vegna tölvudeildar hækka um 2,7 milljónir króna aðallega vegna skipta á fjárhagskerfi. Ýmiss kostnaður hækkar um 1,5 milljón króna.



## 22 Breyting lífeyrisskuldbindinga

Reiknað er með að niðurstaða þessa málaflokks nemi 39,5 milljónum króna samanborið við 25,5 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2016. Árið 2015 nam breyting lífeyrisskuldbindingar 36,1 milljónum króna. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir gjaldfærðri og greiddri breytingu lífeyrisskuldbindinga.

## 28 Fjármagnsliðir

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2017 verður niðurstaða af fjármagnsliðum það er fjármagnstekjur að frádregnum fjármagnsgjöldum neikvæð um 8,3 milljónir króna samanborið við neikvæða niðurstöðu í áætlun fyrir árið 2016 sem nam 7,5 milljónum króna. Niðurstaða ársins 2015 var neikvæð sem nam 3,9 milljónum króna.

## 31 Eignasjóður

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir jákvæðri afkomu sem nemur 8,2 milljónum króna. Í áætlun 2016 var reiknað með jákvæðri afkomu að upphæð 23,5 milljónum króna. Afkoman árið 2015 var jákvæð um 17,0 milljónir króna. Gert er ráð fyrir um 20 milljónum króna til viðhalds. Þá er sérstaklega gert ráð fyrir viðhaldi vegna skíðalyftu fyrir um 2 milljónir króna í samræmi við niðurstöður samstarfsnefndar um skíðasvæðið í Stafdal. Um er að ræða lagfæringar að kröfu vinnueftirlits til að tryggja öryggi notenda.

## 33 Þjónustustöð

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að útgjöld vegna þjónustustöðvar umfram tekjur verði um 19,7 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2016 var reikna með að útgjöld umfram tekjur næmu 19,4 milljón króna. Árið 2015 námu útgjöld vegna þjónustumiðstöðvarinnar tæpum 11, milljónum króna. Áætlunin fyrir þjónustustöð er í samræmi við ramma fjárhagsáætlunar.

## 41 Hafnarsjóður

Í fjárhagsáætlun hafnarsjóðs fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að tekjur af hafnargjöldum og seldri þjónustu nemi 133,4 milljónum króna. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 var reiknað með að þær næmu 148,3 milljónum króna. Á árinu 2015 voru tekjur hafnarsjóðs af almennum hafnargjöldum og þjónustugjöldum 160,9 milljónir króna. Tekjur hafnarsjóðs eru háðar nokkurri óvissu. Undanfarin ár hafa verið nokkuð hagstæð einkum vegna magns landaðs uppsjávarafla. Í ár var ekki landað loðnu og því verulegt tekjufall miðað við undanfarin ár. Ekki er gert er ráð fyrir löndun loðnu á næsta ári. Skemmtiferðaskip verða að líkindum fleiri en árið 2016 og aukin umsvif flutninga hjá Norröna. Gert er ráð fyrir jákvæðri afkomu hafnarsjóðs árið 2017 sem nemur 14,3 milljónum króna samanborið við 37,6 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2016. Gert er ráð fyrir að fjármagnsgjöld nemi 24,8 milljónum króna samanborið við 25,3 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2016. Árið 2015 var afkoma hafnarsjóðs jákvæð sem nam 58,0 milljónum króna. Miðað er við að áfram verði unnið markvisst að markaðssetningu hafnarinnar. Gert er ráð 15 milljónum króna til endurbóta og frágangs á viðlegu og hafnarsvæðum og 20 milljónum króna vegna endurgerðar Ránargötu 2, áhaldahússins.

## 43 Vatnsveita

Í áætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að rekstur vatnsveitunnar skili jákvæðri niðurstöðu sem nemur 3,1 milljón króna eftir fjármagnsliði. Í áætlun fyrir 2016 var gert ráð fyrir að jákvæð niðurstaða yrði 3,3 milljónir króna. Niðurstaða rekstrar eftir fjármagnsliði árið 2015 var jákvæð um 9,9 milljónir króna.

## 55 Leigueignir

Reiknað er með að útgjöld vegna leigueigna árið 2017 verði um 2 milljónir króna eftir fjármagnsliði sem nema 2,7 milljónum króna. Það er heldur lægra en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2016 en þá



var áætlað að útgjöldin yrðu 3,6 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða ársins 2015 var neikvæð sem nam 2,5 milljónum króna.

## 57 Félagslegar íbúðir

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að jákvæð niðurstaða verði af rekstri félagslegra íbúða sem nemur 0,4 milljónum króna. Í áætlun fyrir árið 2016 var gert ráð að niðurstaðan yrði jákvæð sem næmi 1,0 milljón króna. Halli varð af rekstrinum 2015 að upphæð 1,2 milljónum króna.

## 61 Fráveita

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir að rekstur fráveitunnar verði jákvæður um 3 milljónir króna. Í áætlun ársins 2016 var gert ráð fyrir að jákvæð niðurstaða næmi 2,2 milljónum króna. Rekstrarniðurstaðan 2015 var neikvæð sem nam 2,0 milljónum króna.

## Framkvæmdir og fjárfestingar 2017

### Eignasjóður

Gerð er tillaga um framlag um fjárfestingar í eignasjóði að upphæð 12 milljónir króna. Miðað er við að ráðstafa þar af 10 milljónum króna í endurbætur á skólahúsnæði og tveimur milljónum til undirbúnings lagningu ljósleiðarar utan markaðsleiða.

### Hafnarsjóður

Hafnarmálaráð gerir tillögu um að fjárfestingar í endurbætur á viðlegu, hafnarmannvirkjum og hafnarsvæði nemi 15 milljóna króna og 20 milljónum króna til endurgerðar Ránargötu 2, áhaldahússins.

### Vatnsveita

Þörf er fyrir að undirbúa endurnýjun stofnlagnar dreifikerfis frá vatnshreinsistöð og þörf á að taka áætlunir til skoðunar í tengslum við þriggja ára áætlun þó svigrúm sé takmarkað.

### Fjármögnun

Af hálfu bæjarráðs og hafnarmálaráðs er fylgt þeirri stefnu í framlagðri tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 að miða við að framkvæmdir verði fjármagnaðar af handbæru fé.

### Þriggja ára áætlun

Í þriggja ára áætlun fyrir árin 2018 til 2020 ekki gert ráð fyrir breytingum á rekstri eða starfsemi umfram það sem nemur þróun starfseminnar milli árana 2016 og 2017.

### 10 ára áætlun

Samkvæmt áætlun um hvernig viðmiðum 2. tl. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga var viðmiðinu náð í árslok 2014. Rétt er þó að vekja athygli á neikvæðum áhrifum hækkunar lífeyrisskuldbindinga á viðmiðið. Til glöggvunar er lagatílvísunin klippt hér inn skáletruð. „2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.“



*Seyðisfjarðarkaupstaður*

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2016

Forstöðumönnum og starfsmönnum er þakkað fyrir gott samstarf við vinnslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2017. Fulltrúum í bæjarráði, hafnarmálaráði og nefndum þakka ég fyrir gott samstarf við gerð hennar. Fjárhagsáætlun og gjaldskrár fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, stofnanir, fyrirtæki og sjóði hans fyrir árið 2017 ásamt þriggja ára áætlun fyrir árin 2018 til 2020 og 10 ára áætlun eru hér lagðar fram til fyrri umræðu og leggur bærstjóri til að þær verði samþykktar til síðari umræðu.

16. nóvember 2016

Vilhjálmur Jónsson  
Bærstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar